

Erindi til íbúaráðs Háaleitis og Bústaða

Að morgni þriðjudagsins 1. desember síðastliðnum ók ég Bústaðaveg í austurátt og var á leið heim til heimavinnu eins og oft áður. Þegar ég nágaðist gönguljósinn sem staðsett eru við Ásgarð, þá gerðist nokkuð áhugavert. Þrír bílstjórar tóku sig til og óku rակleitt gegn rauðu ljósi, sem var þá grænt fyrir gangandi vegfarendur. Þetta náðist á upptöku og vakti athygli á bæði á samfélagsmiðlum og fréttavefnum Vísi, þar sem fólk fordæmdi þessa hegðun – eðlilega.

Við fjölskyldan búum ofan við Bústaðaveg og nýtum okkur Fossvoginn talsvert allt árið um kring til útiveru og heimsækjum þar fjölskyldu og vini og þá nýtum við okkur jafnan þessi umtöluðu gönguljós. Okkur blöskrar stundum tillitsleysið og óvirðing fólks þegar það sér okkur nálgast ljósin, jafnvel alla fjölskylduna með barnavagn og kerru, þá er gefið í til að þurfa örugglega ekki að stoppa og bíða í nokkrar sekúndur. Þó að rauða ljósið sé búið að loga í 1,2,3 sekúndur – þá er brunað yfir.

Þegar sonur minn byrjaði á leikskóla vestar í hverfinu var eðlilegast að ganga meðfram Bústaðavegi til að koma honum í og úr leikskóla. Ég gerði það nokkrum sinnum og ríghélt í hann þar sem bílaumferðin var bæði mikil og hröð, og ekkert pláss fyrir mistök á þröngri gangstéttinni. Einu skiptin sem ég gat andað léttar var þegar umferðin var svo ofboðslega þung að bílarnir varla færðust úr stað. Þá andaði sonur minn hins vegar ekki jafn létt og kvartaði undan „bílafýlunni“ sem liggur jafnan yfir Bústaðavegi í þungri umferð. Í dag göngum við talsvert lengri leið í gegnum hverfið, og bílstjórar geta áfram ekið greitt sína leið.

Ég vil biðja ykkur, kæru fulltrúar í íbúaráði, að krefja Reykjavíkurborg um eftirfarandi:

- Tafarlausa og umtalsverða lækkun hámarkshraða á Bústaðavegi.
- Markvissar aðgerðir til að draga úr raunverulegum umferðarhraða, umfram það sem næst fram með skiltun. Bústaðvegur er beinn og breiður vegur án nokkurra hindrana að viti og upplýstur með háum hraðrautarljósastaurum. Þetta hvetur til hraðaksturs og þarf að breytast.
- Markvissar aðgerðir til að draga úr bílaumferð um Bústaðaveg. Ég vil hvetja borgina til að standa í báða fæturna gagnvart Vegagerðinni og öðrum aðilum, og einfaldlega loka á allar vinstri beygjur á gatnamótum Bústaðavegar og Reykjanesbrautar – á álagstímum hið minnsta en helst varanlega. Bústaðvegur á ekki að vera flýtleið milli Reykjavíkur austan Elliðaráa og miðborgarinnar.

Meðfylgjandi eru gögn sem nálgast má í Borgarvefsjá, úr umferðarteljara M412 sem staðsett er á Bústaðavegi nálægt Bústaðakirkju, sem sýnir hraðadreifingu tæplega 500.000 ökutækja sem mæld hafa verið síðan um mitt ár 2019.

Haraldur Karlsson

Aksturshraði	Fjöldi bíla	Hlutfall
>= 50 km/klst	8.709	2%
51-60 km/klst	62.009	12%
61-70 km/klst	427.943	86%
> 70 km/klst	152	0%

**498.813**

**100%**

